

Kosningar í ráð og nefndir

Kosning í borgarráð

Lagt er til að Kjartan Magnússon taki sæti aðalmanns í borgarráði í stað Júlíusar Vífils Ingvarssonar og að Hildur Sverrisdóttir taki sæti sem varamaður í borgarráði í stað Kjartans Magnússonar.

Kosning í umhverfis- og skipulagsráð

Lagt er til að Halldór Halldórsson taki sæti sem aðalmaður í umhverfis- og skipulagsráði í stað Júlíusar Vífils Ingvarssonar og að Marta Guðjónsdóttir taki sæti sem varamaður í umhverfis- og skipulagsráði í stað Ólafs Kr. Guðmundssonar.

Kosning í stjórnkerfis- og lýðræðisráð

Lagt er til að Lára Óskarsdóttir taki sæti sem varamaður í stjórnkerfis- og lýðræðisráði í stað Áslaugar Friðriksdóttur og Börkur Gunnarsson taki sæti sem varamaður í stjórnkerfis- og lýðræðisráði í stað Kjartans Magnússonar.

Kosning í mannréttindaráð

Lagt er til að Lára Óskarsdóttir taki sæti sem varamaður í mannréttindaráði í stað Mörtu Guðjónsdóttur.

Kosning í menningar- og ferðamálaráð

Lagt er til að Áslaug Friðriksdóttir taki sæti sem aðalmaður í menningar- og ferðamálaráði í stað Mörtu Guðjónsdóttur og Börkur Gunnarsson taki sæti sem aðalmaður í menningar- og ferðamálaráði í stað Júlíusar Vífils Ingvarssonar. Lagt er til að Björn Gíslason taki sæti sem varamaður í menningar- og ferðamálaráði í stað Barkar Gunnarssonar.

Kosning í heilbrigðisnefnd

Lagt er til að Björn Gíslason taki sæti aðalmanns í heilbrigðisnefnd í stað Áslaugar Maríu Friðriksdóttur og að Herdís Anna Þorvaldsdóttir taki sæti varamanns í heilbrigðisnefnd í stað Björns Gíslasonar.

Kosning í hverfisráð Vesturbæjar

Lagt er til að Börkur Gunnarsson taki sæti aðalmanns í Hverfisráði Vesturbæjar í stað Kjartans Magnússonar. Lagt er til að Jóhannes Stefánsson taki sæti varamanns í ráðinu í stað Barkar Gunnarssonar.

Kosning í hverfisráð Miðborgar

Lagt er til að Rafn Steingrímsson taki sæti aðalmanns í Hverfisráði Miðborgar í stað Júlíusar Vífils Ingvarssonar.

Kosning í stjórn Faxaflóahafna

Lagt er til að Hildur Sverrisdóttir taki sæti aðalmanns í stjórn Faxaflóahafna í stað Júlíusar Vífils Ingvarssonar og að Halldór Halldórsson taki sæti sem varamaður í stjórn Faxaflóahafna í stað Hildar Sverrisdóttur.

Kosning í stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar

Lagt er til að Marta Guðjónsdóttir taki sæti sem aðalmaður í stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar í stað Hildar Sverrisdóttur og að Hildur Sverrisdóttir taki sæti sem varamaður í stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar í stað Júlíusar Vífils Ingvarssonar.

